

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 4/1960. **Kristján Guðjónsson**
gegn
Kristjáni Fjeldsted.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og
Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ólafur Jóhannesson og Valdi-
mar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. júlí 1959, sem barst Hæstarétti 8. þ. m.,
eftir að hún hafði verið áréttuð 12. desember f. á., hefur
sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms,
sem upp var kveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgar-
fjarðarsýslu 7. júlí f. á., í máli varnaraðilja og Sesselju Fjeld-
sted gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnar-
aðilja verði dæmt að greiða honum kr. 25.170.00 í máls-
kostnað og kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðs-
dóms verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða
honum kærumálskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknar-
aðilja málskostnað í héraði, kr. 8000.00.

Þá ber og varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumáls-
kostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Kristján Fjeldsted, greiði sóknaraðilja,
Kristjáni Guðjónssyni, málskostnað í héraði, kr. 8000.00,
og kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að
lögum.

Dómur aukabings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 30. ágúst f. á., til staðfestingar á lögbanni, er fram fór 27. s. m., þingfest 30/9 f. á. og tekið til dóms 26. f. m.

Stefnendur, Kristján Fjeldsted í Ferjukoti og Sesselja Fjeldsted, frú í Borgarnesi, krefjast þess, að viðurkennt verði með dómi, að eigendum og ábúanda Ferjubakka II sé óheimil veiði í Hvítá af og við svonefnda Straumaklöpp (Neðri-Straumaklöpp) frá ósi Norðurár og Hvítár. Enn fremur að staðfest verði lögbann, sem lagt var við veiði stefnda í Hvítá af Straumaklöpp með lögbannsgæði 27/8 1958. Loks krefjast þeir málskostnaðar, þar með talinn lögbannskostnaður, eftir mati dómars.

Stefndi, Kristján Guðjónsson, bóndi á Ferjubakka II, krefst þess, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið og þar með, að lögbannið verði úr gildi numið. Jafnframt krefst hann þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til laxveiða í ármótum Norðurár og Hvítár á og við svonefnda Straumaklöpp (Neðri-Straumaklöpp) og niður í Straumana. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. júní 1891 gerðu eigendur og umráðamenn jarðanna Ferjukots og Ferjubakka með sér samning um nytjar laxveiði í Hvítá fyrir sameiginlegu landi jarða þessara. Var í samningi þessum ákveðið, að Ferjubakki skyldi hafa alla veiði fyrir landi, frá landamerkjum þeirrar jarðar og Ölvaldsstaða, allt upp að Ferjukotssíki, en Ferjukot frá síkinu upp að Efri-Straumaklöpp (sú klöpp eigi meðtalin), en þó hafi Ferjubakki veiði við Neðri-Straumaklöpp.

Samningur þessi mun eigi hafa verið þinglesinn, fyrr en Sigurður Fjeldsted, þáverandi eigandi Ferjukots og Ferjubakka IV, Ferjubakka I (Trönu) og Ferjubakka III (Efstabæjar), með bréfi dags. 21/12 1921 sendi hann sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til þinglesturs samkvæmt augl. dags. 26/7 1921.

Samningur þessi virðist hafa verið um afnotaskipti á laxveiði í Hvítá, sem á þeim tíma mun eingöngu hafa verið stunduð á þann hátt, að kláfalögnum var komið fyrir út frá klöppum við ána. Má telja líklegt, að hluti Ferjubakka hafi þótt of lítill við svæðaskiptinguna, og þeim bæjum því úthlutað einu lagnarstæði á lagnasvæði Ferjukots, þar sem áður hafði verið lögn (Maddömulögn) frá Ferjubakka.

Um skipti á lagnasvæðum milli Ferjubakkabæja hefur enginn samningur verið lagður fram í réttinum, en vitað er, að frá hverjum Ferjubakkabæjanna hefur um langan tíma, og allt til þessa dags, verið starfrækt ein lögn frá bökkum Hvítár neðan Ferjukotssíkis.

Um skipti á veiði í Norðurá milli Ferjukots og Ferjubakkanna er eigi annað upplýst en að með samningi, dags. 21/5 1957, er henni skipt á þann hátt, að eigendur Ferjukots og Ferjubakka I, II og III nytja hana til skiptis um vikutíma hver.

Upp úr 1910 virðist svo, að byrjað sé á því að veiða silung og lax á stöng í Hvítá, einkum neðan við ármót Norðurár, á þeim stað, er nefnist Straumar. Var veiði þessi að sjálfsögðu aðallega stunduð frá Ferjukoti, er þarna átti veiðisvæði, en eigi er upplýst, hvort þeir, er hana stunduðu, veiddu frá Neðri-Straumaklöpp, er allir Ferjubakkabæirnir áttu laxveiðirétt við samkvæmt samningnum frá 1891.

Um og eftir 1920 virðist laxveiði á stöng í Straumunum vera orðin veruleg, og árið 1924 leigir faðir stefnenda, Sigurður Fjeldsted í Ferjukoti, þeim Matthíasi Einarssyni, Sveini Björnssyni, Ólafi Johnsen, Sigfúsi Blöndahl og Þórði Edilonssyni laxveiði í Straumunum til 5 ára frá 10/7 1924, fyrir kr. 1500.00 á ári, og jafnframt leigir hann þeim veiðimannahús, er hann virðist hafa byggt þar um þetta leyti. Síðar leigir hann veiði þessa Englendingum, og ætíð síðan hafa Straumarnir verið leigðir sem sérstakur stangaveiðistaður.

Eigi er upplýst, að laxveiðilögn hafi verið starfrækt frá Ferjubökkunum við Neðri-Straumaklöpp eftir 1891. En er stangaveiði hófst í Straumunum á vegum eiganda Ferjukots, mun faðir stefnda, Guðjón Jónsson, bóndi á Ferjubakka II (Miðbær), hafa hreyft því við Sigurð Fjeldsted, að hann ætti einhvern rétt til laxveiði á þessu svæði. En þess má geta, að á þeim tíma mun Sigurður Fjeldsted hafa átt bæði Ferjubakka I og III.

Stefndi telur, og hefur leitt að því vitni, að síðan hann tók við búi á Ferjubakka II árið 1934, hafi hann sjálfur eða menn á hans vegum stundað veiði í Hvítá af Neðri-Straumaklöpp nokkra daga á hverju ári.

Stefnendur telja, að með óslitnum afnotum af lax- og silungsveiði í Straumunum, og þar með fyrir Neðri-Straumaklöpp, hafi eigandi Ferjukots öðlazzt hefð á veiði af Straumaklöppinni í Hvítá samkvæmt 8. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Telja þeir sig hafa sannað með framburði vitna, að laxveiði

þarna á vegum eiganda Ferjukots hafi hafizt um 1910 og haldizt óslitið til þessa dags, og þar sem hér sé um meira en 40 ára tímabil að ræða, nægi það til hefðar. Jafnframt mótmæla þeir því, að stefndi eða faðir hans hafi nokkru sinni á fyrrgreindu tímabili gert tilkall til veiða á þessum stað, og enn frekar að þeir, eða menn á þeirra vegum, hafi veitt þarna.

Stefndi mótmælir því, að stefnendur geti hefðað þann rétt, er Ferjubakkabændum var tryggður með samningnum frá 1891, því að í 8. gr. laga 46/1905 sé eigi ákvæði um, að veiðiréttur vinnist með hefð. En enda þótt svo yrði litið á, að veiðiréttur gæti unnizt með 40 ára hefð, mótmælir hann því, að stefnendur hafi fært sönnur á, að fullnægt væri skilyrðum um 40 ára óslitinn hefðartíma. Heldur hann því fram, að eigi geti verið um það að ræða, að hefðartími eiganda Ferjukots hefjist fyrr en 1924, og geti því eigi verið fullnaður 1958. Þá telur hann, að á því tímabili hafi hann eða menn á hans vegum stundað lax- og silungsveiði í Hvítá af Neðri-Straumaklöpp, og hafi hefðartíminn rofnað við þá notkun.

Rétturinn verður að líta svo á, að með samningnum á dómskjali 8 hafi Ferjubakkabæjunum verið tryggður sameiginlega afnotaréttur af laxveiði við Neðri-Straumaklöpp við Hvítá. Þenna veiðirétt hafa eigendur Ferjubakka II að vísu eigi notfært sér um langt árabil, og verður eigi talið sannað, að þeir eða menn á þeirra vegum hafi hafið stangaveiði þarna fyrr en árið 1938.

Hins vegar er sannað, að eigandi Ferjukots eða menn á hans vegum hóf stangaveiði í Straumunum um eða eftir 1910. Þó er eigi sannað, að þeir hafi þá veitt af Neðri-Straumaklöpp. Veiði þessi fór vaxandi, og árið 1924 leigir eigandi Ferjukots stangaveiði í Straumunum og þar með veiði af Neðri-Straumaklöpp. Má því telja, að á því ári hefjist hefðun á veiðirétti þar til handa eigendum Ferjukots, en sú hefðun rofnar við lögbannsgerð, er fram fór 27/8 1958, eða áður en 40 ára hefðartíminn er liðinn.

Stefndi hefur eigi sýnt fram á, að hann hafi beðið verulegan fjárhagslegan skaða við það, að lögbann var lagt við veiði hans af Straumaklöpp við Hvítá. Virðist hann á undanfórnum árum hafa notað veiði þessa lítilla fyrir sjálfan sig og vini sína og kunningja og í fæstum tilfellum tekið leigu fyrir. Þá virðist og aflamagn hafa verið mjög lítið.

Samkvæmt framansögðu ber að fella úr gildi lögbann það, er lagt var 27/8 við því, að stefndi stundi lax- og silungsveiðar í Hvítá af svonefndri Straumaklöpp. Enn fremur ber að viður-

kenna rétt stefnda til laxveiði í ármótum Norðurár og Hvítár á og við Straumaklöpp.

Þá ber að gera stefnendum að greiða stefnda bætur fyrir tjón það, er lögbannið hefur bakað honum, en þar sem hann hefur ekki gert neina tilraun til að sýna fram á, hve miklu það nemi, getur þar aðeins verið um málamyndabætur að ræða, og virðast þær hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Loks ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Lögbann það, sem var í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu hinn 27/8 1958 samkvæmt kröfum stefnenda, Kristjáns Fjeldsteds og Sesselju Fjeldsteds, lagt við því, að stefndi, Kristján Guðjónsson, stundi lax- og silungsveiði í Hvítá af svonefndri Straumaklöpp, er úr gildi fellt.

Viðurkenndur er réttur stefnda til laxveiði í ármótum Norðurár og Hvítár á og við Straumaklöpp.

Stefnendur greiði in solidum stefnda bætur fyrir tjón það, er lögbannið hefur bakað honum, að upphæð 100 — eitt hundrað — krónur.

Stefnendur greiði in solidum stefnda í málskostnað 5000 — fimm þúsund — krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.
